

Norðurþing  
Gaukur Hjartarson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík



Reykjavík, 5. júní 2013  
Tilvísun: UST20130400028/ksj

## **Skipulags og matslýsing. Urðunarsvæði sorps, Laugardal við Húsavík**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi sorpurðunarsvæðis í Laugardal norðan Húsavíkur.

### **Staðsetning og stærð skipulagssvæðis**

Stærð áætlaðs deiliskipulagssvæðis er 6,7 ha og er svæðið í Norðurþingi, staðsett fyrir norðan Húsavík. Í greinargerð lýsingar segir að heimilt sé að taka á móti allt að 5000 tonnum af úrgangi á ári. Umhverfisstofnun bendir á að urðunarsvæðið hefur ekki starfsleyfi, og hefur því ekki heimild til að taka á móti sorpi. Því mætti segja í greinargerð að áætlað er að taka á móti allt að 5000 tonnum á ári á sorpurðunarsvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru förgunarstöðvar sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári, framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Ofangreint sorpurðunarsvæði þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Samkvæmt bréfi frá Skipulagsstofnun dagsett 10.apríl 2013 hefur slíkt mat ekki farið fram á ofangreindu sorpurðunarsvæði.

### **Urðunarflokkar**

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er getið um hvaða urðunarflokkar verða urðaðir á staðnum. Í aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030 kemur fram sorpförgunarsvæðið í Laugardal sé urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang, og geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstimbur frá þjónustusvæði sorpsamlags Þingeyinga. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að deiliskipulagi þurfi að koma fram hvaða flokka er áætlað að urða á svæðinu. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fram komi ef urða á ösku frá sorpbrennslustöð á urðunarsvæði í Laugardal.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við lýsingu vegna deiliskipulags

sorpurðunarsvæðis í Laugardal.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

